

Formáli.

Hér eru leiðbeiningar varðandi undirbúning að bóklegu og verklegu prófi til útgáfu vottunar einstaklings frá Umhverfisstofnun.

Námsefnið er undir eftirfarandi viðfangsefnum í Moodle.

Kælitækni, grunnur.

Hér eru 4 skrár sem innihalda þann grunn sem óskað er eftir að nemendur kynni sér.

Kæli og frystikerfi. Verkefni.

Hér eru 2 skrár sem innihalda verkefni, annarsvegar teikningu og úrlausnarblað. Nemandinn fylli út lausnarblaðið. Ath. Prófspurningar koma úr þessu verkefni á skriflegu prófi.

Spurningar. Verkefni.

Hér eru 2 skrár. Almennar spurningar þar sem að nemandinn svarar á blöðin og krossaspurningar þar sem nemandi krossar við rétt svör. Ath. Prófspurningar koma úr þessum verkefnum.

Formúlur og línurit.

4 skrár sem nemandinn kynni sér.

Vacumdælur, áfylling og aftöppun.

Hér eru nokkur myndbönd, leiðbeiningar vegna lofttæminga og frágangs kælimiðils ásamt kynning á verkfærum sem notuð eru við uppsetningu kæli og frystikerfa. Þessi myndbönd eru hugsuð sem upprifjun fyrir verklega prófið.

Varmadælur.

Hér eru 4 skrár sem eru hugsuðar sem kynningarefni. Ekki tekið til prófs. Skoðið samt munin á teikningu „Varmadæla. Return 1“ og „Varmadæla Return 2“. Þar er hringrásinni snúið við og er 4 way lokinn í aðalhlutverki.

Reglugerðir.

Hér eru 5 skrár er varða reglugerðir. Nemandinn þarf að kynna sér innihald reglugerða. Vil benda á fylgiskjal 1 í reglugerð nr. 834/2010 en þar koma fram kröfur til vottunar.

Þjónustuskýrslur. Sýnishorn.

Hér eru 2 skrár sem sýnishorn er varða skráningaskyldu vegna þjónustu, kælimiðils - aftöppun og áfyllingar sem og olíuskipta.